



Borgarbúar nýttu tækifærið í gær milli lægða og viðruðu sig. Minnti veðrið á tímabili á maímánuð. Veðrið hefur leikið landsmenn ansi grátt í vetur og hefur hver sólarstund frá því í óveðrinu mikla í desember verið fullnýtt til útveru. Margir fóru út að leika eftir hádegi í gær, eins og sjá má á þessum leikfélögum í klifurgrindinni í Hljómskálagarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miklar raskanir vegna Kóróna

KÍNA Kóróna-veiran hefur nú borist frá Kína til 12 landa. Í Kína hafa greinst rúmlega 2 þúsund tilfelli. 56 hafa látist en 49 læknað af veirunni. Kínversk yfirvöld hafa heitið því sem jafngildir 200 milljörðum króna til að hefta útbreiðsluna. Í Wuhan liggja flestar samgöngur niðri og rútusamgöngur í höfuðborginni Beijing einnig.

» 56 hafa látist af völdum Kóróna-veirunnar. Alls hafa greinst um 2 þúsund tilfelli. Þá hafa 49 læknað.

Yfirvöld skoda að lengja frí vegna áramótahátíðar til að fækka ferðalögum. Þá hefur ferðamannastöðum, kvikmyndahúsum og fleiri fjölsóttum stöðum verið lokað og sala villidýraafurða stöðvuð.

– khg / Sjá síðu 6

Vel fylgst með Þorbirni

Almannavarnir hafa virkjað óvissustig vegna mögulegrar kvikusöfnunar undir fjallinu Þorbirni. Jarðeðlisfræðingur segir að áhyggjur séu óþarfar.

JARÐHRÆRINGAR „Það á enginn að vera stressaður. Það þarf að fara yfir viðbragðsáætlanir, þess vegna þarf þetta að fara inn í almenna umræðu. Ef það miðar vel þá þarf enginn að hafa áhyggjur, það er vel fylgst með þessu og hvernig þetta þróast,“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Almannavarnir virkjuðu í gær óvissustig vegna mögulegrar kvikusöfnunar undir fjallinu Þorbirni á Reykjanesi. Þar hefur verið í gangi jarðskjálftahrina og land risið um tvo sentimetra á sex dögum.

„Líklegasta skýringin á þessum breytingum er kvikusöfnun. Það sem nú þarf að gera er að fylgjast

Oft taka svona atburðarásir langan tíma, vikur, mánuði eða ár, þangað til nokkurra tíðinda dregur.

Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

með því hvernig atburðarásin þróast. Oft taka svona atburðarásir langan tíma, vikur, mánuði eða ár, þangað til nokkurra tíðinda dregur. Spurningin er hvort þetta haldi áfram með sama krafti og síðustu daga,“ segir Freysteinn.

Bjartsýnar á að landa samningi

KJARAMÁL Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Harpa Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar, eru báðar bjartsýnar á að það takist að landa samningi áður en verkfall hefst í næstu viku. Í gær samþykktu 95 prósent kjósenda Eflingar í Reykjavík verkfallsaðgerðir. Ef ekki tekst að landa samningi hefjast verkföll hjá starfsfólki Eflingar í borginni 4. febrúar. Hefst svo ótímabundið verkfall 17. febrúar. Boðað hefur verið til fundar hjá sáttasemjara á morgun. – ab / Sjá síðu 4




Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Bestar núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



A- og NA 8-15 m/s, en hvassara NV-til fram yfir hádegi. Snjócoma með köflum, en slydda eða rigning SA-lands. Suðlæg átt og léttir til N- og A-lands síðdegis. **SJÁ SÍÐU 14**



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Leikhúsmiðar á 47,9 milljónir

REYKJAVÍKURBORG Miðar fyrir 47,9 milljónir króna voru keyptir af Borgarleikhúsinu til að gefa starfsmönnum í jólagjöf um nýliðin jól.


Gildi jólagjafa er margþætt.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Fram kemur í afgreiðslu borgarráðs á miðakaupunum að hver hinna rúmlega níu þúsund borgarstarfsmanna hafi fengið leikhúsmiða fyrir tvo. Virðist hver miði þannig hafa fengist á um 2.500 krónur.

„Gildi jólagjafa er margþætt,“ segir í greinargerð Dags B. Eggertssonar borgarstjóra vegna miðakaupanna. „Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna og almennt gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk.“ – gar

Reykjavíkurleikunum lokið



Reykjavíkurleikunum lauk í gær. Alls var keppt í 23 greinum á leikunum sem haldnir voru í þrettánda sinn. Var meðal annars keppt í sundi í inni-lauginni í Laugardal. Einnig var keppt í greinum á borð við listskauda, rafíþróttir og skotfimi svo eitthvað sé nefnt. Alls mættu til landsins meira en þúsund erlendir keppendur. Dagskrá leikanna lauk svo formlega með lokahófi í Laugardalshöll í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Kirkjan selur flugafgreiðslu

VESTFIRDIR Kirkjuráð ákvað í desember að setja flugafgreiðslustöð í Öndurarfirði á sölu. Er það 80 fermetra timburhús sem er ekki í notkun, frekar en flugvöllurinn sjálfur. Samkvæmt vef Þjóðkirkjunnar er húsið í þökkalegu ásigkomulagi. Húsið stendur á kirkjufjörðinni Holti í jaðri flugvallarins. Ákvað

» **Flugvöllurinn var í notkun árin 1963 til 1997**

kirkjuráð jafnframt að gera úttekt á fjörðinni allri.

Holt hefur verið kirkjufjörð síðan á 11. eða 12. öld. Lengi vel var Holtskirkja eitt besta brauð landsins, góð bújörð og eignirnar miklar. Flugvöllur var byggður árið 1963, þótti staðurinn henta vel enda er þar mikið undirlendi. Árið 1997 lagðist áætlunarflug af eftir að göng voru opnuð til Ísafjarðar. – khg

Ríkisstjórnir heimsins og geimverur tókust á

Risaspil eru að ryðja sér til rúms á Íslandi með tilkomu Ógnar að ofan, en þar kljást stórveldi heimsins við verur úr geimnum. Einn stjórnandi spilsins segir fólk sleppa ímyndunaraflinu lausu á þessum degi og lifi sig inn í hlutverk sín.

MENNING Risaspilið Ógn að ofan var haldið í Borgarleikhúsinu á laugardag í þriðja sinn. Um er að ræða svokallað risaspil, að erlendir fyrirmynd, í ætt við hlutverkaleiki (RPG). Viðburðirnir hafa vakið mikla lukku og sprengt utan af sér.

Stjórnendurnir voru upprunalega fimm en hefur fjölgað í átta. Þeir semja nýja sögu eða handrit að hverju spili. Leikendurnir sjálfir eru á fimmta tug og skiptast í fjögurra manna lið, ríkisstjórnir Bandaríkjanna, Rússlands, Kína, Japan, Brasilíu, Bretlands, Frakklands og Indlands, auk fjölmiðlaliðs og geimvera. Hvert lið hefur eigið falíð takmark og í hverri ríkisstjórn er þjóðarhöfðingi, utanríkisráðgjafi, vísindaráðgjafi og varnarmálaráðgjafi, sem hafa ólíkum hlutverkum að gegna.

„Þetta er alltaf skemmtilegur dagur, því það fer alveg heill dagur í þetta,“ segir Hlynur Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins og einn af stjórnendum Ógnar að ofan.

„Í fyrsta spilinu var meginþorinn karlar sem tóku þátt en konum hefur farið fjölgandi. Ógn að ofan er ekki hreint stríðsspil heldur snýst þetta svo mikið um samskipti, samningatækni og sálfræði,“ segir Hlynur. „Fólk lifir sig inn í þetta og sumir mæta í búningum. Þarna sleppir fólk ímyndunaraflinu lausu í spuna og koma okkur stjórnendum alltaf á óvart þannig að við þurfum að bregðast við.“

Nefnir hann sem dæmi að í síðasta spili hafi þjóðirnar komið sér saman um stofnun alþjóðabanka sem stjórnendurnir ákváðu að heimila. Skömmu síðar varð óðaverðbólga og hrún. „Þetta þróaðist



Íbygnir herforingjar ráða ráðum sínum í Borgarleikhúsinu. MYND/ÁSEND

» **Það getur allt gerst.**

Hlynur Páll Pálsson, stjórnandi Ógnar að ofan

út í mjög raunsanna lýsingu á hagræfi heimsins,“ segir Hlynur. „En við munum ábyggilega ekki leyfa þetta aftur.“

Algengt er að vinahópar skrái sig saman sem lið, sem hafa mismikla reynslu úr hlutverkaleikjum, larpi eða borðspilamennsku og sumir enga. En einnig koma sumir einir og hefur lið Bandaríkjanna til dæmis ávallt verið samansafn af einstaklingum. „Bandaríkin eru

mjög völdugt og ríkt ríki í upphafi spils, en það hefur komið fyrir að þau hafi liðast í sundur og úr hafi orðið sósíalískt ríki,“ segir Hlynur. „Það getur allt gerst.“

Hlynur segir þessi risaspil lið í uppgangi hlutverkaleikja á undanförmum árum. „Allir héldu að tölvuleikir hefðu tekið við þessu hlutverki. En með bíómyndum og þáttum á borð við Stranger Things njóta þau sífellt aukinna vinsælda.“

Skráningin fyrir laugardag fyllist á aðeins 17 mínútum og ákveðið var að halda aukaspil 22. febrúar. Aðgangseyririnn er 2.500 krónur fyrir efniskostnaði. „Við erum búnin að stofna lítinn félagsskap sem heitir Lokaleikir og höfum hugsað okkur að bjóða upp á risaspil fyrir stærri hópa, til dæmis vinnustaði.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSYÐ

Ávallt söl skín

GARA SUITES 4*

TENERIFE | 11. - 18. MARS

VERÐ FRÁ 124.900 KR.

Á MANN M.V. TVO FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Sportjeppi fjölskyldunnar **RAV4**



RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.
RAV4 Hybrid – verð frá: 6.190.000 kr.

RAV4 er bíll ársins í sínum flokki og fylgir fjölskyldunni árið um kring – hvert sem ferðinni er heitið. Fjölhæfur sportjeppi sem aldrei klikkar á að koma með í lautartúrinn, skíðabrekkuna, veiðitúrinn og íþróttamótin allan hringinn. **Sjá nánar á toyota.is**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS





FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Gífurlegur meirihluti starfsmanna Reykjavíkurborgar styður verkfall. Rúm 95 prósent sögðust styðja verkfallsaðgerðir og er fyrsta vinnustöðvun félagsmanna boðuð 4. febrúar næstkomandi.

2 Ábending um Geirfinn enn í rannsókn. Lögreglan í Vestmannaeyjum er enn að afla gagna og viðtala við hugsanleg vitni vegna ábendingar um tvo grunsamlega menn með rænulitinn mann á milli sín í Vestmannaeyjum 20. nóvember árið 1974.

3 Sjötta degi réttarhaldanna lokið: „Þið munuð sjá að forsetinn gerði ekkert af sér“. Málsvarnaðilar Bandaríkjaforseta hófu mál sitt í gær og koma þeir til með að halda áfram næsta mánudag. Þeir hyggjast leggja fram sönnunargögn sem Demókratar eiga að hafa sleppt í sínum málflutningi.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Hefja söfnun á næstu dögum

REYKJAVÍK „Síminn stoppar varla, það eru svo margir að spyrja hvernig sé hægt að skrifa undir,“ segir Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins. Á föstudaginn rennur út frestur til að hefja undirskriftasöfnun um endurskoðun á deiliskipulagi við Stekkjabbakka þar sem til stendur að reisa gróðurhvelvingar Aldin Biodome. Til þess að fá málið í íbúakosningu þurfa Hollvínasamtökin að safna 18 þúsund undirskriftum.



Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins.

„Það er alveg augljóst að borgin er á móti þessu. Við munum fara af stað í síðasta lagi á föstudag og munum þá opna kosningaskrifstofu,“ segir Halldór Páll. – ab

Íbúafundur í Grindavík í dag vegna landrissins

JARÐHRÆRINGAR Vísindamenn við Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands hafa sett saman nokkrar sviðsmyndir út frá þeim upplýsingum sem hafa safnast. Búið er að mæla landris upp á rúma tvo sentimetra á sex dögum. Ekki er hægt að segja til á þessum tímamarki hver þeirra sé líklegust eða hversu hratt atburðarásin mun þróast.

Eflandrisið stafar ekki af kvikusöfnun þá gæti það tengst frekari



Þorbjörn er á milli Grindavíkur og Bláa Lónsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Síðast gaus á svæðinu fyrir um 800 árum

skjálftavirkni og þar með hugsanlega stærri skjálftum á svæðinu. Ef landrisið stafar af kvikusöfnun þá er möguleiki að kvikusöfnunin hætti eða haldi áfram án þess að neitt gerist. Einnig er möguleiki

á stærri skjálftum eða jafnvel á hraungosi.

Boðuð hefur verið til íbúafundar í Grindavík í dag kl. 16 þar sem farið verður yfir stöðu mála með vísindamönnum, fulltrúum almannavarna og viðbragðsaðila.

Landrisið er á flekaskilum og því er skjálftavirkni mikil á svæðinu. Stærstu skjálftarnir voru á miðvikudaginn í síðustu viku, mældust þeir 3,7 og 3,6 á stærð. Síðast gaus á svæðinu fyrir um 800 árum. – ab

Bjartsýnar á að ná samningi

Yfirgnæfandi meirihluti hjá stéttarfélaginu Eflingu samþykkti verkfall gegn Reykjavíkurborg í kosningu. Formaður Eflingar og formaður samninganefndar borgarinnar eru bjartsýnar á að samningar náist.

KJARAMÁL Formenn samninganefnda Eflingar og Reykjavíkurborgar eru bjartsýnar á að hægt verði að afstýra boðuðu verkfalli. Niðurstaðan í atkvæðagreiðslu Eflingar um aðgerðir gegn borginni, sem lauk í gær, var afgerandi. Af þeim 1.894 sem eru á kjörskrá samþykktu 1.071 verkfallsboðun, eða 95,5 prósent. 34 voru á móti og 16 sátu hjá.

„Þó að sumir reyni að láta þetta líta út eins og einhvern hasar í mér þá sýna þessar niðurstöður hversu ótrúlega erfiðar aðstæður og kjör fólkið lifir við,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. „Sem talsmaður þessa hóps, formaður samninganefndarinnar og fyrrum starfsmaður Reykjavíkurborgar get ég bara vonað að loksins átti borgarstjóri og yfirvöld í borginni sig á því hversu alvarleg staðan er. Þau eiga að stiga fram, sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar, og átta sig á því að það tilboð sem við höfum lagt fram er lykkillinn að því að breyta þessu ástandi.“

Efling fer fram á 22 til 52 þúsund króna launahækkunir ofan á 90 þúsund króna launahækkunir lífskjara-samninganna. Þá hefur einnig vakið athygli krafa um desemberuppbót upp á rúmar 400 þúsund krónur. Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, hefur gefið út að stéttarfélagið sé reiðubúið að semja um það.

Sólveig Anna segir borgina hafa efni á slíkum hækkunum þar sem verið sé að spara mörg hundruð milljónir á því að nota ófaglært starfsfólk Eflingar. „Þetta er varlega áætlað okkar megin því borgin hefur ekki viljað láta okkur fá þessar tölur, en við erum að tala um að borgin er að spara 600 til 800



Stéttarfélagið Efling kynnti kröfur sínar á opnum samningafundi í lðnó í síðustu viku. Enginn fulltrúi frá borginni mætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Boðuð verkföll starfsmanna Eflingar í Reykjavík

- **Þriðjudagur 4. febrúar**
Frá 12.30 til 23.59
- **Miðvikudagur 12. febrúar**
Frá 00.01 til 23.59
- **Fimmtudagur 6. febrúar**
Frá 00.01 til 23.59
- **Fimmtudagur 13. febrúar**
Frá 00.01 til 23.59
- **Þriðjudagur 11. febrúar**
Frá 12.30 til 23.59
- **Mánudagur 17. febrúar**
Frá 00.01 og ótímabundið eftir það.

milljónir á ári því þetta starfsfólk er miklu ódýrara.“

Hún er bjartsýn á að það takist að semja. „Ég ætla að vera mjög bjartsýn og trú á því að fólk sem lifir og hrærist í pólitík hljóti að skilja að þegar niðurstöður eru svona afgerandi þá þýði ekki að halda að raunveruleikinn sé einhver annar en hann er,“ segir Sólveig Anna.

Harpa Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar, er einnig bjartsýn. „Við erum á fullu inni hjá sáttasemjara. Við áttum fund með Eflingu á föstudaginn og það er búið að boða til næsta fundar á morgun. Við göngum mjög jákvæð inn í þá vinnu,“ segir Harpa.

Ef ekki tekst að semja þá blasa

» Ef það tekst ekki að halda leikskólunum opnum þá verða áhrifin á atvinnulífð ótrúlega mikil.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar



» Við áttum fund með Eflingu á föstudaginn og það er búið að boða til næsta fundar á morgun. Við göngum mjög jákvæð inn í þá vinnu.

Harpa Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar



við verkföll. „Ef það tekst ekki að halda leikskólunum opnum þá verða áhrifin á atvinnulífð ótrúlega mikil,“ segir Sólveig Anna. „Svo er stór hópur starfsfólks sem mun þá ekki sinna heimaþjónustu og hjúkrunarheimilum, þetta mun hafa gríðarleg áhrif á það líka. Þá er einnig hópur sem sinnir götunum og sorphirðu. Áhrifin segja okkur allt um það hversu stórt hlutverk þetta fólk gegnir í samfélaginu.“ arib@frettabladid.is

jeep.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

AFMÆLISTILBOÐ

JEEP® GRAND CHEROKEE

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250 HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

AFMÆLISTILBOÐ VERÐ FRÁ: 10.390.000 KR.

LISTAVERÐ VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

ÚTSÖLUNNI

LÝKUR Á LAUGARDAG



20-50%

AFSLÁTTUR



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Eyjaskeggjar áhyggjufullir vegna Brexit

BRETLAND Richard Hyslop, áheyrnarfulltrúi Falklandseyja í breska þinginu, hefur beðið ríkisstjórnina um sérstaka hjálp vegna útgöngunnar úr Evrópusambandinu. Eyjarnar, þar sem rúmlega 3 þúsund manns búa, eru algerlega háðar fiskveiðum og 94 prósent af aflanum er fluttur til Evrópusambandslanda. Til að mynda kemur þriðjungur alls smokkfisks í spænskum verslunum frá Falklandseyjum.

» 94 prósent af aflanum fer til Evrópusambandslanda

„Fiskveiðar verða alltaf mjög mikilvægar fyrir okkur en við verðum að gera efnahaginn fjölbreyttari, til dæmis með ferðamennsku,“ segir Hyslop. „Brexit hefur sýnt okkur á sársaukafullan hátt að við erum of háð einni atvinnugrein.“

Óvíst er hvernig viðskiptasamningar Bretlands og Evrópusambandsins ganga á árinu en hingað til hafa eyjarnar verið taldar til innri markaðar þrátt fyrir að vera ekki eiginlegir aðilar að sambandinu heldur sem hjálenda Bretlands. Eyjaskeggjar fengu því ekki tækifæri til að kjósa um útgönguna árið 2016. – khg

Kobe Bryant lést í þyrluslysi

BANDARÍKIN Körfuknattleiksmaðurinn Kobe Bryant lést í gær, ásamt 4 öðrum, í þyrluslysi í Kaliforníu. Þyrlan hrapaði í Calabasas, skammt frá Los Angeles-borg þar sem Kobe bjó, og varð alelda. Þegar slökkvilið náði að ráða niðurlögum eldsins var enginn eftir lifandi í þyrlunni.



Kobe Bryant

Kobe spilaði í NBA-deildinni í 20 ár, frá 1996 til 2016, og er einn af sigursælustu leikmönnum sögunnar. Hann varð 5 sinnum meistari með liði sínu, Los Angeles Lakers, sem hann lék með allan ferilinn. Árið 2008 var hann valinn besti leikmaður deildarinnar og í 11 skipti var hann valinn í úrvalslið deildarinnar. Kobe var 41 árs gamall, kvæntur Vanessa Bryant og áttu þau fjögur börn. Það yngsta er aðeins hálf árs gamalt. – khg

Þungur dómur fyrir að leiða ungmenni í stríð

FRAKKLAND Franskur ríkisborgari, Mourad Fares, var á föstudag dæmdur til 22 ára fangelsisvistar fyrir að fá unga menn til liðs við ISIS. Þá stýrði hann einnig sjálfur frönskumælandi vígasveit hryðjuverkasamtakanna í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi.

Komst dómstóll í París að þeirri niðurstöðu að hinn 35 ára gamli Fares hefði fengið alls 40 ungmenni og börn til að ganga í ISIS frá árinu 2012 og komið þeim úr landi til Sýrlands, þar sem samtökin lögðu



90 manns dóu í Bataclan-höllinni á tónleikum 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

undir sig stóran hluta landsins með skelfilegum afleiðingum fyrir íbúana. Auk þess tók hann upp áróðursmyndbönd sem hundruð þúsunda sáu á netinu og skipulagði fundi.

Meðal þeirra sem Fares fékk til liðs við ISIS var Foued Mohamed-Aggad, en hann tók þátt í sjálfsmorðsprengjuárásinni á Bataclan-höllina í París í nóvember árið 2015, á tónleikum hljómsveitarinnar Eagles of Death Metal.

Sjálfur fór Fares til Sýrlands árið 2013 en skipti síðar um hollustu og barðist fyrir hóp tengdan Al-Qaeda. Haustið 2014 flúði hann til Tyrklands þar sem hann var handtekinn og síðar framseldur til Frakklands.

Fares hefur verið samvinnuþýður að einhverju leyti en neitaði þó fyrir að hafa tekið beinan þátt í hernaðaráttökum. Þá fannst ákærvaldinu og dómstólum hann ekki sýna næga iðrun fyrir að hafa tekið þátt í að leiða ungt fólk í stríðið – khg

Gríðarlega miklar raskanir í Kína vegna Kóróna-veirunnar

Kóróna-veiran hefur nú borist frá Kína til 12 landa og aðeins 2 héruð Kína hafa sloppið. Ferðamannastöðum, kvikmyndahúsum og leikhúsum hefur verið lokað og yfirvöld ihuga að framlengja fri til að fresta ferðalögum fólks. Í Beijing er fólk hvatt til að heilsast með kúptum lófa í stað handabands.

KÍNA Kóróna-veiran hefur nú borist frá Kína til 12 landa, Taívan, Suður-Kóreu, Japan, Nepal, Malasíu, Singapúr, Tailand, Víetnam, Ástralíu, Bandaríkjunna, Kanada og Frakklands. Alls eru þetta 37 tilfelli. Samkvæmt yfirvöldum í Kína eru 2.070 staðfest tilfelli þar í landi og 56 hafa látist af sjúkdómnum. 49 hafa hins vegar læknað.

Rúmlega helmingur tilfella hefur komið upp í Hubei, landluktum héraði í miðhluta Kína, en veiran kom upprunalega upp í höfuðborg héraðsins, Wuhan. Þá hafa einnig komið upp tilfelli í bæði Hong Kong og Makaó, sem eru sjálfstjórnarhéruð innan Kína. Einu héruðin sem hafa sloppið eru Tíbet og nágrannahéraðið Qinghai.

Almenningssamgöngum inn og út úr Wuhan hefur verið hætt til þess að reyna að einangra borgina frá öðrum hlutum landsins. Þá hefur kínverska fjármálaráðuneytið greint frá því að 11,2 milljörðum yuan, eða 200 milljörðum króna, verði veitt í að hefta útbreiðslu veirunnar og hlúa að þeim sem þegar hafa sýkt.

Kóróna-veiran kemur á versta tíma, því að nú standa yfir nýárs hátíðarhöld og margir landsmenn á faraldsfæti. Yfirvöld eru nú að skoða þann möguleika að framlengja frið og fresta opnun skóla. Yrði það gert til þess að hvetja fólk til að halda kyrru fyrir svo auðveldara sé að hefta útbreiðsluna.

Þegar hafa sveitarstjórnir einstakra héraða ákveðið að fara þessa leið, svo sem borgin Suzhou í austurhluta landsins. Þá hefur borgar-



Veghlið í útjaðri Wuhan-borgar þar sem helmingur Kóróna-veirutifella hafa komið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Kínverjar verja 11,2 milljörðum yuan, eða 200 milljörðum króna, í baráttu við veiruna

stjórn höfuðborgarinnar, Beijing, ákveðið að stöðva allar rútusamgöngur inn og út úr borginni. Í Beijing er fólk einnig hvatt til að heilsast ekki með handabandi heldur rétta upp kúpta hönd.

Ríkisferðaskrifstofan hefur tímabundið stöðvað hópferðir frá Kína vegna veirunnar. Þá hefur einnig ýmsum ferðamannastöðum, kvikmyndahúsum, leikhúsum og fleiri skemmtistöðum verið lokað. Á sunnudag var öll verslun marga Kínverja að fjöldi sýktra sé miklu hærri og að yfirvöld hylmi yfir það. En samfélagsmiðlar á borð við Wechat hafa lýst því yfir að þeir sem dreifi „fölsuðum orðrómi“ verði bannaðir.

Wuhan-borg, þar sem 11 milljónir búa, er gerbreytt frá því sem

áður var og fáir á ferli. Enn þá sjást þó einhverjir bílar og leigubílar á ferli, sem og reiðhjól.

Á sama tíma og miklar aðgerðir eru í gangi til að hefta útbreiðsluna vilja yfirvöld ekki að ofsahæðsla fari af stað. Þegar grunar marga Kínverja að fjöldi sýktra sé miklu hærri og að yfirvöld hylmi yfir það. En samfélagsmiðlar á borð við Wechat hafa lýst því yfir að þeir sem dreifi „fölsuðum orðrómi“ verði bannaðir. kristinnhaukur@frettabladid.is

Fólki beint í dýra bílastæðakjallara

REYKJAVÍKURBORG „Meirihlutinn neitar að horfast í augu við þá staðreynd að það treysta sér ekki allir í bílastæðakjallara, jafnvel þótt þeir séu vel hannaðir,“ segir Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks fólksins, í bókun í borgarráði Reykjavíkur.

Er þetta vegna breytinga sem stefnt er að á Tryggvagötu. „Breytingin felur meðal annars í sér að fallett og nokkuð stórt torg verður til við suðurhlíð Tollhússins undir hinu magnaða mósaikverki Gerðar Helgadóttur,“ segir í bókun fulltrúa meirihlutaflokkanna. „Þessar breytingar eru sannkallað fagnaðarefni og bendum við jafnframt á að stór bílastæðakjallari er á svæðinu við hliðina.“

Kolbrún lýsir furðu á að með nýju skipulagi eigi að „þurrka út 40 til 50 bílastæði og með því skerða aðgengi almennings að þeim stofnunum og öðrum þjónustuaðilum sem eru við götuna, þá sérstaklega eldri borgara,“ eins og segir í bókun hennar. „Sifell



Kolbrún Baldursdóttir og Vigdís Hauksdóttir eru andvigar breytingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

er bent á bílastæðakjallara sem Reginn rekur. Það hefur ekki verið mikið auglýst.“

Þá segir Kolbrún að stæðaleiga í umræddum bílastæðageymslum sé

há og fæli fólk úr öðrum hverfum frá þeirri þjónustu sem er í miðbænum. „Það er verulega leiðinlegt hvað Íslendingum sem koma lengra frá og fötluðu fólki er gert erfitt fyrir með aðgengi,“ bókar hún.

Fulltrúar meirihlutans segja breytinguna miða að því að gera götuna fallegri og mannvænni. „Trjáin verður komið fyrir í götunni og aðkoma fyrir gangandi vegfarendur að Listasafni Reykjavíkur verður bætt,“ bóka þeir.

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins, segir í sinni bókun að miðbær Reykjavíkur sé ekki einkaeign borgarstjóra og meirihlutans í borginni. „Enn á ný er ráðist að fjölskyldubílum með því að fækka bílastæðum í miðbæ Reykjavíkur,“ segir í bókuninni. „Með þessum tillögum er verið að beina umferð enn frekar inn á þrönga Geirsgötu sem er tifandi tímasprengja vegna olíuflutninga um götuna.“ – gar

SÚR HVALUR

HUMAR 4.990^{800gr.}





Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Háfabakka 1 • Sími 555

Beltone Amaze™

Hvert orð, hlátur og hljóð skipta máli



Hver dagur er samsettur af ótal augnablikum þar sem hvert einasta orð, hlátur og hljóð skipta máli. Nýju **Beltone Amaze™** heyrnartækin gera þér kleift að njóta hvers dags í einstökum hljómgæðum og nú fást þau einnig með endurhlaðanlegum lithíum rafhlöðum. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



Af markaði



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Í rekstrarreikningi Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018, sem er sá sem nýjastur liggur fyrir, kemur fram að rekstrartekjur þess námu samtals tæpum 6,7 milljörðum það árið. Tekjurnar eru tvískiptar. Annars vegar tekjur af svonefndri almannaþjónustu og svo af því sem nefnt er samkeppnisrekstur. Framlag til stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum þess árs nam rúmum fjórum milljörðum króna og er ætlað til að standa undir útvarps- og sjónvarpsrekstri. Tekjur af samkeppnisrekstri námu tæpum tveimur og hálfum milljarði króna. Það eru að stofni til tekjur sem Ríkisútvarpið aflar með sölu auglýsinga, kynninga og kostunar.

Því er haldið fram að starfsemi Ríkisútvarpsins sé í almannaþágu og afhending andvirðis útvarpsgjalds úr ríkissjóði réttlætt með því. Fyrir það fé eru útvarps- og sjónvarpstöðvar stofnunarinnar reknar.

Það er hins vegar hinn hluti teknanna, auglýsingasalan, sem er mörgum þyrnir í augum. Tölur um stærð auglýsingamarkaðarins hérlandis eru ekki með öllu aðgengilegar en af fyrirliggjandi talnaefni Hagstofu má meðal annars ráða að hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sé um fimmtingur um þessar mundir. Hinn hlutinn skiptist á fjölda miðla, misumsvifamikla. Enginn þeirra þó nærri stofnuninni að þessu leyti.

Ríkisútvarpið er því leiðandi afl á innlendum auglýsingamarkaði. Það flækir þó þessa stöðu að fleiri sækja í auglýsingafé en innlendir miðlar, svo sem erlendir samfélagsmiðlar.

Árum saman hefur verið deilt um hvort eðlilegt sé að ríkisfjölmiðill afli tekna með þessum hætti. Í samburði við önnur lönd í álfunni er þetta fyrirkomulag fátítt og finnst varla nema í löndum sem áður voru undir sovéskum áhrifum. Fæst úr þeirra fortíð ætti að vera okkur til eftirbreytni.

Þeim sem vilja Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði barst óvæntur liðsauri í liðinni viku þegar Magnús Geir Þórðarson, fyrrverandi útvarpsstjóri, sagði í viðtali á Hringbraut: „Að mörgu leyti tel ég að það væri og hef alltaf talið, það vera æskilegt fyrir þjónustu RÚV að vera ekki á auglýsingamarkaði. Að því gefnu að það væri bætt upp með hækkuðu útvarpsgjaldi til þess að RÚV geti staðið undir þjónustunni.“ Stada einkarekinn fjölmiðla er stjórnvöldum áhyggjuefni. Svo mikið að fyrir liggur frumvarp sem gerir ráð fyrir sérkennilegu og flóknu fyrirkomulagi greiðslna úr ríkissjóði til þeirra í hlutfalli við rekstrarkostnað að vissum skilyrðum uppfylltum. Það ráðslag mun ekki leysa vanda þeirra en deyfir kannski mesta sársauka einhverra.

Það er sjálfsgöð krafa að ríkið hverfi af þessum markaði. Það er til þess fallið að leysa á raunhæfan hátt úr vanda einkarekinnna miðla. Að auki á ekki að trufla landsmenn með auglýsingum á ríkismiðlunum.

Það er svo sérstakt mál hvort bæta þurfi henni upp tekjumissinn að frádregnum þeim kostnaði sem fellur til við öflun teknanna. Utvarpsgjaldið, 17.900 krónur á ári, er ekki mikið fé fyrir þá þjónustu sem landsmenn fá í gegnum miðla stofnunarinnar.

Ög svo er ekki óhugsandi að mæta megi því með hagráðingu eins og flest fyrirtæki þurfa að gera.

Halldór



Frá degi til dags

Krisa

Bæjarins besta hefur verið að birta kjördæmakannanir sem vekja athygli. Kemur þar fram afhróð stjórnarflokkanna, sérstaklega Sjálfstæðisflokks og VG. Í Norðvesturkjördæmi tapar Lilja Rafney rúnum 13 prósentum og er orðin helmingi minni en andlitslausir Sósíalistar. Í Norðausturkjördæmi dettur Kristján Þór úr gullseti niður í brons, og mjög stutt er niður í 5. sætið. Sigmundur Davíð reyrtir fylgið af Sjálfstæðismönnum og tekur glaðhlakalegur forystu í tveimur kjördæmum. Samfylking, Viðreisn og Píratar taka einnig sinn skerf, sérstaklega í Kraganum. Alls tapa Sjálfstæðismenn 3 til 6 prósentum í hverju kjördæmi. Útskýrir þetta fylusvipinn á ráðherrum flokksins eftir krísufund í Valhöll á mánuðaginn síðastliðinn.

Sjálfstæðiskonan

Stjórnar Ríkisútvarpsins biður nú stórt verkefni. Nei, það er ekki að velja útvarpsstjóra. Heldur er það hvernig á að takast á við boðaða innanhússbyltingu og neikvætt umtal þegar konan sem margir tengja við Sjálfstæðisflokkinn verður skipuð útvarpsstjóri. Má búast við að klaufalegum frösnum um hæfi og reynslu af einhverju sérhæfðu verði flaggað í tilkynningu sem berst núna í vikunni. kristinnhaukur@frettabladid.is arib@frettabladid.is

Jákvæðni, fagmennska og áreiðanleiki



Gunnar Einarsson
bæjarstjóri
Garðabæjar

Í janúar voru niðurstöður í árlegri þjónustukönnun Gallup kynntar þar sem viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins eru mæld. Enn á ný getum við Garðabæingar verið stoltir með útkomuna þar sem Garðabær er í efstu sætum í flestum viðhorfsspurningum. Garðabær er til dæmis í fyrsta sæti þegar spurt er um viðhorf til þjónustu grunnskóla, ánægju með skipulagsmál, þjónustu við barnafjölskyldur og einnig ánægðastir þegar spurt er um þjónustu sveitarfélagsins þegar á heildina er litið.

Áhugavert er að sjá að eldri borgarar og fatlað fólk eru ánægðari með þjónustuna sem þeir nýta en aðrir aðspurðir. Á síðustu árum hefur markvisst verið unnið að því að bæta þjónustu við fatlað fólk í Garðabæ. Í fyrrihaust var opnaður nýr búsetukjarni fyrir fatlað fólk og gert er ráð fyrir uppbyggingu á fleiri slíkum íbúðakjörnum á næstu árum. Það er ánægjulegt að sjá að um marktaekan mun er að ræða í könnuninni þar sem íbúar eru ánægðari með þjónustu við fatlað fólk en áður. Það má þó enn gera betur og það verður gert.

Miklar framkvæmdir eru í Garðabæ á þessu ári. Stærsta framkvæmdin er nýtt fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri sem verður tekið í notkun um mitt næsta ár. Með tilkomu þess verður aðstæða til íþróttaiðkunar enn betri og í góðum takti við heilsueflandi samfélag. Gera má ráð fyrir að það hafi jákvæð áhrif á afstöðu íbúa til íþróttaaðstöðu en það er einmitt spurt um slíkt í þjónustukönnuninni. Þar lentum við í 9. sæti en viljum gera betur, miklu betur.

Það ber að þakka það traust sem Garðabæingar sýna starfsemi og þjónustu Garðabæjar og endurspeglast í jákvæðu viðhorfi til þjónustu bæjarins. Áfram munum við sem vinnum fyrir Garðabæ, starfsfólk, nefndar fólk og bæjarfulltrúar, leitast við að veita þjónustu sem er m.a. í takt við grunnildi bæjarins, jákvæðni, fagmennsku og áreiðanleika.



Brotthvarf stofnunarinnar af auglýsingamarkaði er til þess fallið að leysa á raunhæfan hátt úr vanda einkarekinnna miðla.

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Einskis manns land

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Einu sinni heyrði ég af svissnesku pari með tvö börn sem ákvað að koma í sumarfrí til Íslands. Það varði fjórum vikum á miðhálandinu. Skálavörður sagði mér frá þessu. Fjölskyldan var bara þarna, í auðninni inni á milli jöklanna, keyrði malarvegina, fór í göngur, ihugaði, slakaði á við lækjarsprænur, hlýddi á vindinn og skoðaði gróðurbrúska í mánuð.

Þetta sat í mér. Ég hef keyrt yfir Kjöl og Sprengisand og haft gaman af. Ég, eins og flestir Íslendingar og Íslandsvinir, er auðvitað mikill aðdáandi þessa einstaka svæðis. Okkur hjónum hefur hins vegar ekki dottið í hug að fara með börnin þarna upp eftir og bara hanga í mánuð. Ég vona að börn þessara svissnesku hjóna hafi ekki haft væntingar um rússíbanagarð og ég vona að stemningin í hópnum hafi verið þökkaleg og ekki of mikið rifist. Það er örugglega þunglyndislegt að standa í tuldri þarna upp frá.

Skálavörður fullyrtaði að fjölskyldan hefði farið heim endurnærð. Til þess var væntanlega leikurinn gerður. Líklega er það gríðarlega hughreinsandi að vafra um í þessari eyðimörk. Þetta dæmi fékk mig til að hugsa enn meira um það hversu sérstakt þetta svæði

er. Það eru ekki margar þjóðir sem geta státað af svo aðgengilegri nálægð við svona víðfeðma auðn. Hálandið er eins fjarri því að vera byggð og hægt er. Fyrir fólk sem vill flýja borgir og rússíbana eru líklega fáir staðir betri.

Nú þegar þjóðgarður

Miðhálandið er nú þegar, í mikilvægum skilningi, þjóðgarður. Í árhundrað var þetta svæði álfa, trölla og utangarðsfólks. Þangað fór helst enginn. Af þeim sökum varð það gnægtarbrunnur þjóðsagna og ævintýra sem við eigum öll saman. Áhrif þessa svæðis á það hvað það þýðir að vera Íslendingur eru gríðarleg. Enginn á sumarbústað þarna. Auðmenn eiga þetta ekki. Enginn á ættir sínar að rekja þangað. Það bara er þarna. Leyndardómsfullt og þögult. Það er menningarleg sameign.

Nú erum við sem þjóð um það bil að fara að setjast á rökstóla, og kannski þræta í nokkra mánuði, um það hvað eigi að gera við þetta svæði. Á að stofna hálandisþjóðgarð um allt þetta víðerni, þriðjung landsins, eða er það vitleysa? Þótt málið eigi að heita afgreitt í stjórnsáttmála, virðist ósætti hindra framgang þess.

Á þessum tímamarki held ég að það sé mikilvægt fyrir stjórnvöld að hlusta sem best á öll sjónarmið. Eina línu held ég að sé þó mikilvægt að draga í sandinn: Hálandið á áfram að vera það svæði sem það er. Óspjallað og einstakt. Vei þeim sem hyggur á eitthvað annað en það. Miðhálandið verður áfram einskis manns land.

Útskýra betur

Hin undirliggjandi spurning, sem þarfnast skoðunar, er hins vegar

þessi: Hvað gerir maður við einskis manns land, svo það verði einmitt áfram það? Jú, við verndum það. Fjölmargar leiðir eru til þess að ná slíkum markmiðum, sérstaklega þegar sáttin er svo mikil.

Ég hef enga samúð með þeim sem vilja fara upp á hálandið með gröfur og gera óskunda. Ef ég reyni að finna einhvern flöt sem ég tengi við, á áhyggjum þeirra sem lýsa efasemdum um formlegan þjóðgarð, þá er hann helst þessi: Ef svæðið verður þjóðgarður, undir stjórn og stofnun, hverfur þá ævintýrið? Verður þetta einhvers manns land? Mun hálandið sogast inn í alls konar árekstra stofnana-legra hagsmuna? Hvað verður fengið með þjóðgarði umfram það sem við eigum nú þegar?

Ég styð hugmyndina, en ég held að það yrði gott að útskýra þessa hlið ögn betur.

Styrkir frá NATA

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu í samstarfi landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til nýsköpunar- og vörupróunarverkefna
- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til þekkingarheimsóknna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum á ensku og dönsku er að finna á vef NATA www.nata.is. Frekari upplýsingar veitir Barbara Vang hjá NATA – nata@vinnuframi.fo

Lokafrestur til að skila umsókn er 25. febrúar 2020.

og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir 8. apríl 2020.

Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 8. apríl 2020 teljast ekki styrkhæf.

Í ár leggur stjórn NATA sérstaka áherslu á umsóknir sem tengjast sjálfbærri ferðamennsku.

TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og uppihalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtalda:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.



North Atlantic Tourism Association

Guðrún Brá komst inn á stóra sviðið

Kylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir mun leika á allflestum mótum á Evrópumótaröðinni í golfi kvenna á þessu keppnistímabili en það er stærsta svið golfsins í Evrópu. Guðrún Brá hafði tvisvar sinnum áður reynt við úrtökumótaröðina en tókst ætlunarverk sitt núna í þriðju atrennu.

GOLF Guðrún Brá Björgvinsdóttir, kylfingur ur Golfklúbbnum Keili, náði markmiði sínu um að tryggja sér nánast fullan þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi kvenna. Um er að ræða næststerkustu atvinnu-mótaröð sem fram fer í golfi á hverju ári og því er þetta mikill áfangi hjá Guðrúnu Brá sem var mjög fegin þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

„Fyrir lokahringinn var ég búin að áætla að það myndi duga mér að leika á betra skori en fjórum höggum yfir pari vallarins og því var ég nokkuð róleg þegar ég kom í hús á tveimur höggum yfir pari vallarins á lokahringnum. Það þýddi að ég spilaði hringina fimm á þremur höggum yfir pari og ég var nokkuð viss um að það myndi skila tilætluðum árangri. Það var svo þægileg tilfinning að fá grun minn staðfestan,“ segir Guðrún Brá, sem hafnaði í 10.–19. sæti á lokastigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina á La Manga í gær og tryggði sér þar af leiðandi fastan þátttökurétt á Evrópumótaröðinni.

„Það er mikill léttir að þetta sé í höfn en tilfinningin er held ég ekki alveg komin í gegn. Þetta var löng törn og mikið andlegt og líkamlegt álag þessa fimm keppnisdaga. Ég er ánægð með að hafa stöðugt golf þó að ég hefði viljað þúttu heilt yfir á mótinu, sérstaklega á lokahringnum.“

Stutta spilið er eitthvað sem ég get unnið í en það sem mestu máli skiptir er að þátttökurétturinn er í höfn. Ég var nálægt því að komast inn í fyrri og var staðráðin í að tryggja mér farseðilinn á mótaröðina að þessu sinni,“ segir þessi öflugur kylfingur eftir að hafa tekist ætlunarverk sitt á La Manga á Spáni.

„Ég var búin að undirbúa mig mjög vel fyrir úrtökumótið en ég gerði svo sem ekkert nýtt í æfingarrútinunni hjá mér fyrir þetta mót. Ég æfði bara vel og markvisst í aðdraganda mótsins. Það komst fátt annað að hjá mér síðustu vikurnar fyrir þetta mót en að búa mig undir það eins vel og nokkur kostur var,“ segir Guðrún Brá, sem var greinilega harðákveðin í að takast að láta draum sinn rætast.

Hjálpaði mér mjög mikið að hafa pabba mér við hlið

„Eins og staðan er núna er þreytan sterkari en sigurtílfínningin en það mun líklega breytast á næstu dögum. Þetta er markmið sem ég hef stefnt að síðan ég fór að leika golf á mótum erlendis og það verður spennandi að keppa á svona sterkri mótaröð. Ég var ekkert búin að skipuleggja árið en nú fer ég heim og set upp dagskrá.“

Fyrsta mótið er í Ástralíu í lok febrúar og ég get varla beðið eftir því að fara þangað. Ég verð með þátttökurétt sem er ekki alveg á

●● Það er mikill léttir að þetta sé í höfn en tilfinningin er að ég held ekki alveg komin í gegn. Þetta var löng törn og mikið andlegt og líkamlegt álag þessa fimm keppnisdaga.

öllum mótunum. Það gæti verið að ég verði ekki með á sterkustu mótunum á mótaröðinni á þessu tímabili en það kemur bara í ljós,“ segir hún enn fremur.

Tveir íslenskir kylfingar eru komnir með þátttökurétt á Evrópumótaröðinni á komandi keppnistímabili en auk Guðrúnar Brár mun Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur ur Golfklúbbnum Leyni, keppa á mótaröðinni á tímabilinu.

Þetta var í þriðja skipti sem Guðrún Brá reyndi við úrtökumótaröðina og allt var þegar þrennt var. Guðrún Brá verður fjórði Íslendingurinn til þess að keppa á Evrópumótaröðinni en Ólöf María Jónsdóttir var sú fyrsta, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir önnur í röðinni og Valdís Þóra Jónsdóttir sú þriðja.

„Mér leið afar vel á hringunum fimm og var í góðu andlegu jafnvægi heilt yfir. Ég var að slá teighögginn og lengri högginn vel og það gaf mér mikið sjálfstraust. Það hjálpaði mér svo mikið að hafa pabba með sem kylfusvein og aðstoðarmann. Hann gat gefið mér góð ráð og svo var líka bara þægilegt að hafa einhvern sem ég þekkti með bæði á hringunum sjálfum og milli þeirra,“ segir Guðrún en faðir hennar, hinn margreyndi kylfingur Björgvín Sigurbjörgsson, var henni til halds og trausts á mótinu.

„Nú tekur við stutt stopp heima þar sem ég hleð batteríin og set svo upp plan fyrir næstu verkefni hjá mér. Þetta er staða sem ég hef ekki verið í áður en ég ætla mér að standa mig á þessu stóra sviði,“ segir Hafnfirðingurinn, sem hefur orðið Íslandsmeistari í högggleik tvö ár í röð. Þar áður varð hún hlutskörpust á Íslandsmótinu í holuleik árið 2017. Guðrún Brá hefur spilað á LET Access-mótaröðinni undanfarin ár en hún hefur reglulega fengið boð um að keppa á mótum á Evrópumótaröðinni. Fram undan er hins vegar annað landslag og sterkari andstæðingar hjá henni. hjorvaro@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

» Kylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir hefur síðustu tvö árin staðið uppi sem sigurvegari á Íslandsmótinu í högggleik í golfi kvenna. Þar áður varð hún Íslandsmeistari í holuleik í Vestmannaeyjum árið 2017. Þá hefur hún keppt á LET-Access-mótaröðinni undanfarin ár.

Guðrún Brá Björgvinsdóttir


er fædd 25. mars árið 1994 í Hafnarfirði en hún spilar fyrir Golfklúbbinn Keili. Hún er útskrifuð frá Fresno State-háskólanum í Kaliforníu. Þar spilaði Guðrún Brá með Bulldogs, kvennaliði skólans. Guðrún Brá var ung farin að gera sig gildandi á golfvöllinum og er nú komin á næststerkustu mótaröð heims í golfi kvenna.

» Þeir íslenskir kylfingar hafa unnið sér inn þátttökurétt á Evrópumótaröðinni og er Guðrún Brá nú sú fjórða. Þar áður höfðu Ólöf María Jónsdóttir, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir náð þeim áfanga. Valdís Þóra Jónsdóttir er nú komin á næststerkustu mótaröðinni að þessu sinni.

MARKADURINN

MÁNUDAGUR 27. JANÚAR 2020

Lífsstíll



Hinsegin Austurland vill sjá til þess að hinsegin fólk á Austurlandi geti fengið stuðning heima hjá sér, nálægt fjölskyldu sinni og rótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mæta hinsegin fólki þar sem það er statt

Félagið Hinsegin Austurland var stofnað nýlega. Það á að vera vettvangur fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra til að auka sýnileika hinsegin fólks, styðja hinsegin menningu og veita fræðslu um málefni hinsegin fólks. ➔2

Markaðurinn er á
frettabladid.is

Markaðurinn færir þér
nýjustu viðskiptafréttirnar
og greinargóða umfjöllun
um viðskiptalífð.



Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Jódís Skúladóttir er formaður stjórnar félagsins Hinsegin Austurland, sem var stofnað 28. desember síðastliðinn. Félagið gengur út á að búa til vettvang fyrir hinsegin fólk, aðstandendur þeirra og velunnara á Austurlandi og vinna að jöfnuði fyrir og stuðningi við hinsegin fólk, ásamt því að auka sýnileika þeirra. Félagið vill annars vegar opna samtal við hinsegin fólk á Austurlandi í þeirra nærumhverfi og hins vegar starfa með Samtökunum '78 og bjóða fræðslu um málefni hinsegin fólks.

„Við höfum mótað fimm manna stjórn sem er búin að funda einu sinni. Við erum að vinna í að skipuleggja árið, en við ætlum að funda mánaðarlega á mismunandi stöðum á Austurlandi,“ segir Jódís. „Viðburðirnir okkar verða með þeim hætti að við ætlum alltaf að byrja með opið hús þar sem fólk getur komið og hitt okkur og fengið kaffi, kökur, upplýsingar og félagsskap. Svo ætlum við að hafa viðburði eftir það.“

Fyrsti viðburðurinn okkar verður Pubquiz á Seyðisfirði fimmtudaginn 13. febrúar,“ segir Jódís. „Það verður í tengslum við hátíðina List í ljósi og verður auglýst nánar á Facebook-síðu félagsins. Við stefnum svo á að halda alls konar viðburði, listsýningar, kvikmyndahátíð, bókavökur og ýmislegt fleira sem hefur tengsl við hinsegin flórana. Við viljum opna samtalið og styðja við hinsegin menningu.“

Draumurinn er svo að geta seinna opnað skrifstofu eða félagsmiðstöð, ekki ósvipað Samtökunum '78, til að halda utan um starfseminu,“ segir Jódís.

„Við vildum koma þessu félagi í gang og gera það eins óflugt og hægt er, þannig að þeir sem komi á eftir okkur geti tekið við góðu búi,“ útskýrir Jódís. „Það kom okkur á óvart hvað það var síðan fjölmenn á stofnfundinum. Við höfðum líka opið fyrir skráningu stofnfélaga í nokkra daga eftir fundinn og það voru yfir 50 sem skráðu sig, sem

er gríðarlega mikið fyrir hinsegin félag á landsbyggðinni.“

Hefur fundið fyrir óréttlæti

Jódís er sjálf frá Egilsstöðum, en hún er fjögurra barna móðir og starfar sem lögfræðingur hjá stjórnarsýslustofnuninni Austurbrú.

„Ég hef unnið svolitíð að mannúðarmálum og líka mikið með börnum, en ég sérhæfði mig í loftslagsmálum og vann um tíma hjá Umhverfisstofnun. Ég brenn fyrir jafnrétti og almenn mannréttindi og tók mjög virkan þátt í starfi Samtakanna '78 upp úr aldamótum,“ segir hún. „Það er aðallega vegna þess að í ýmsum hlutverkum sem ég hef verið í í lífinu, til dæmis sem kona, lesbía og ung móðir, hef ég fundið gríðarlega fyrir óréttlæti og ójafnvægi í samfélaginu. Bæði félagslega og ekki síst innan stjórnarsýslunnar. Þó að við stöndum vissulega framarlega í þessum mállefnum á Íslandi eru ýmiss konar atriði ekki í lagi og það eru aðrir hópar hinsegin fólks en hommar og lesbiur sem eru í mun lakari stöðu, t.d. transfólk og intersex fólk.“

Ég vil vinna að jafnréttismálum vegna þess að mín hugsun er þessi; ef ég er ekki til staðar fyrir þá sem þurfa hjálp, hver verður þá til staðar fyrir mig þegar ég þarf hana?“ segir Jódís.

Staða hinsegin fólks misgóð

Félagið ætlar meðal annars að bjóða upp á fræðslu fyrir fyrirtæki og stofnanir.

„Ef stórt fyrirtæki er með hinsegin starfsmann er t.d. mjög mikilvægt að yfirmenn og aðrir fái fræðslu, því í þekkingarleysi lifa fordómarnir,“ segir Jódís. „Þó við upplifum sem betur fer ekki sterka fordóma á Austurlandi þá er hinsegin fólk jafnarsett og það er ekki talað um það. Fólk finnst óþægilegt að ræða þessi mál og fordást það. En við viljum vera sýnilegri og virkur hluti af samfélaginu.“

Jódís segir að staða hinsegin fólks á Austurlandi sé mjög mismunandi.

„Ég held að það séu meiri fordómar en á höfuðborgarsvæðinu og fólk fordást að ræða málefni hinsegin fólks af því að við höfum verið frekar ósýnileg,“ segir Jódís. „Það er einmanalegt ferðalag að kynnast sjálfum sér og gangast við því hver maður er. Þó einhverjir



Jódís segir að staða hinsegin fólks á Austurlandi sé mjög mismunandi en það sé jafnarsett og lítið talað um það. Hún segir að félagið hafi samt fengið mjög mikinn stuðning úr öllum áttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

standi vel og finni mikinn stuðning eru það alls ekki allir.

Í gegnum aldirnar hefur hinsegin fólk alltaf flutt í stórborgirnar til að finna aðra sér líka. Við viljum breyta þessu og gefa hinsegin fólki þann stuðning sem það þarf heima hjá þeim, nálægt fjölskyldu þeirra og rótum,“ segir Jódís. „Ég kom til dæmis ung út úr skápnum og þá flutti ég bara til Reykjavíkur til að komast í tengsl við Samtökin '78, því ég þekkti engan sem var hinsegin fyrir austan.“

Í haust hóf ég undirbúning fyrir stofnun félagsins og ræddi meðal annars við krakka í menntaskóla. Þá kom það mér á óvart að komast að því að þar voru ungir hinsegin krakkar sem höfðu aldrei farið í Gledigönguna, því það er svo dýrt að fljúga til Reykjavíkur og þau



Þórhallur Jóhannsson, Marteinn Lundi Kjartansson og Natalia Ýr Jóhannsdóttir eru í stjórn með Jódísi (á myndina vantar Sigfríði Hallgrímssdóttur).

Fyrsti viðburðurinn okkar verður Pubquiz á Seyðisfirði fimmtudaginn 13. febrúar. Það verður í tengslum við hátíðina List í ljósi og verður auglýst nánar á Facebook-síðu félagsins.

ætlum alltaf að funda á ólíkum stöðum á Austurlandi.“

Allir velkomnir að vera með Félagið er það fyrsta sinnar tegundar á Austurlandi, en það er til félag sem heitir Hinsegin Norðurland og það er verið að stofna hliðstætt félag á Vestfjörðum.

„Okkur langar að vera í nánú samstarfi við þessi félög og jafnvel halda þing einu sinni á ári á ólíkum stöðum á landinu til að stilla saman strengi,“ segir Jódís.

„Félagið hefur fengið mjög góðar jákvæðni gagnvart starfinu,“ segir Jódís. „Við fundum það þegar við vorum að undirbúa stofnfundinn hvað við höfum mikinn meðbyr, fyrirtæki og stofnanir lögðu okkur lið og við fengum í raun stuðning úr öllum áttum og mikla auglýsingu og umfjöllun.“

Við vonum að Austfirðingar taki á móti okkur með opnum hug, fjölmenni á viðburði félagsins og ég ítreka að það eru allir velkomnir í félagið,“ segir Jódís. „Það er fyrir hinsegin fólk, aðstandendur þeirra og alla velunnara, svo allir mega taka þátt. Fólk á að vera ófeimið við að koma og hitta okkur og eiga þetta samtal.“

eiga ekki bíl,“ segir Jódís. „Í forréttindabubblum okkar höldum við stundum að með interneti og góðum flugsamgöngum sé þetta ekkert mál, en við stöndum misjafnlega og öryrkjar, eldri borgarar og ungmenni eiga ekki alltaf auðvelt með að sækja sér þjónustu. En hinsegin fólk er auðvitað í öllum stéttum og aldursflokkum og bæði fatlað og ófatlað. Þess vegna er það svo mikilvægt að félagið geti mætt hinsegin fólki þar sem það er stöð og það er hluti af ástæðunni fyrir því að við

nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins



Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is
Mán. - Fim. 10-18
Föstudaga. 10-17
Laugardaga. 11-15

Fasteignablaðið

4. TBL. MÁNUDAGUR 27. JANÚAR 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi



Þóririnn Thorarensen
Lögg. fast. og eigandi



Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi



Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi



Sveinn Eyland
Lögg. fast. og eigandi

